

Minnisblað dags: 02.06.2021 KIA
Heiti: Fráveita, bleyta neðan MS-brekku
Fyrirtæki: Dalabyggð
Inngangur: Upplýsingar um bleytu í jarðvegi neðan Mjólkurstöðvarbrekku, ofan við lóðir Stekkjarhvamms 2, 4 og 6. Tillaga breytingu á ráðstöfun fjárfestinga í fráveitu.
Athugasemdir:

Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að mikil bleyta er á flötinni neðan við bílastæðið hjá Mjólkurstöðinni. Upp í brekkunni er brunnur sem sameinar nokkrar fráveitulagnir frá Mjólkurstöðinni í eina stofnlögn. Þarna er mikið vatnsrennsli og ekki ólíklegt að þétting með lögnum eða milli lagna sé orðin léleg og leki með. Það vandamál þarf að skoða sérstaklega.

Ofan við lóðir Stekkjarhvamms 2, 4, 6 og 8 var skurður sem tók ofanvatn frá brekku og veitti í svelg við Brekkuhvamm. Skurðinum var lokað 1997 og settur drenbarki og möl. Í tengslum við framkvæmdir í lóð nr. 2 varð vart við mikinn vatnsflaum sem ekkert lát hefur verið á. Húseigandi, í samráði við starfsmenn sveitarfélagsins, gróf niður á barkann og kom þá í ljós að ekkert vatn skilaði sér í svelginn. Við nánari skoðun kom í ljós að barkinn er mikið til fullur af leireðju og hallaði lítið eða jafnvel í öfuga átt á köflum. Nú hefur allur barkinn ofan við lóðina verið grafinn upp. Ofan við Stekkjarhvamm 4 eru stór tré nærri legu barka og því óvíst hvort rætur hafi eyðilagt barkann. Mögulega þyrfti því að endurnýja hann líka þó að reynt verði að hreinsa áfram innan úr barkanum með smúl þannig að þau verði nothæf aftur. Til að þurrka upp dýið á flötinni gæti líka þurft að grafa stuttan skurð upp í það og dreina með möl og rörum.



Yfirlitsmynd til hægri og mynd af uppgrafinni lögn ofan Stekkjarhvamms 2 og barki fullur af leireðju.



Endurnýjun drenlagna yrði minnst 25m (það sem hefur nú þegar verið grafið upp að því gefnu að hægt sé að hreins og nýta barka áfram) **upp í 50m** ef farið er eins og græna línan sýnir. Kostnaður getur þá hlaupið á **350-650.000 kr.**

Að auki er gerð tillaga um að **500.000 kr. fari í myndun lagna** á köflum sem við höfum sérstakar áhyggjur af ásamt stikkprufum víðar um fráveitukerfið.

Lagt til að ofangreint fari af þegar áætlaðri upphæð í fjárfestingar fráveitu sem var ætluð í innkaup og undirbúning hreinsistöðvar. Sú vinna á að hefjast í haust og ná fram á næsta ár. Í stað viðauka er því óskað eftir breytingu á ráðstöfun núverandi áætlunar.